



Kafteinninn kallar: 5-10 mín.

Klassískur aflgjafi sem krefst hlustunar og skjótra viðbragða.

Yfirlit:

Einstaklingar og smáir hópar bregðast eins skjótt og mögulegt er við skipunum frá “kafteinninum” til að framkvæma ýmis verkefni um borð á ímynduðu skipi.

Hvað þarftu:

Stórt opið og afmarkað svæði (gott að nota klifurlínur). Minnst 15 sjóliða.

Hvað á að gera:

Safnið öllum saman og kennið þeim þau verkefni sem þarf að framkvæma í skipinu. Bendið hópnum fyrst á hvernig skipið liggur þ.e. stefni (framendi), skutur (bakendi), stjórnborði (hægri), bakborði (vinstri).

Næst skuluð þið lýsa réttum athöfnum við ýmsum skipunum:

“Kafteinninn kemur” – allir standa í réttstöðu og heilsa með hægri hönd.

“Skúrið dekkið” – allir fara á fjórar og skrúppa dekkið (gólfið í skipi)

“Maður fyrir borð” – allir leggjast á gólfið við bak- eða stjórnborða.

“Í björgunarbátana” – Þrír mynda röð stitjandi á gólfinu og þykjast róa bát.

“Rifið seglin” – tveir taka höndum saman og þykjast hífa upp segl.

Leikurinn hefst með því að allir standa á miðjum leikvellinum. Kafteinninn gefur skipanir og sendir alla á milli stjórn- og bakborða, stefnis og skuts. Kafteinninn er masókisti sem hefur gaman af því að senda fólk út um allar trissur, beygja sig og bugta á skömmum tíma. Leikurinn á að vera hraður og hægt er finna upp sínar eigin skipanir sbr. “kokkurinn kemur” – allir þykjast gubba eða “kolkrabbinn kemur” – fimm mynd hóp, allir með aðra höndina inn að miðju og hina út og snúa sér í hring.

Tilbrigði: Leikið leikinn með útslætti. Sjóliðar eru úr þegar:

- Sjóari er úr þegar hann er síðastur til að framkvæma eða koma sér á réttan stað.
- Sjóari er stakur í þau verkefni sem þarf tvo eða þrjá sjóara til að framkvæma.